

EFTIRLITSSKÝRSLA

GMR ehf Hvalfjörður



Dags eftirlits	14.2.2014	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	GMR ehf	Fulltrúi UST	Sigurður Ingason
Heimili	Tangavegi 7	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5406101930	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Skagalín Traustason	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit til að athuga hvernig staðið hafi verið að úrbótum frávíka úr sl. reglubundnu eftirliti. Stórum hluta hráefnis hefur verið komið fyrir innandyra og straumteinar eru að miklu leiti komnir í lokaða gáma. Enn er þó eitthvað af bæði brotajárni og straumteinum utandyra. Í hráefnisgeymslum kom í ljós hráefni sem ekki hentar til vinnslu, þ.e. málaður málmur og olútunnur og hvítvara.

Í samtali við rekstraraðila kom fram að verið væri að ljúka við að koma straumteinum í gáma og mætti búast við að því yrði lokið á næstu dögum. Eins kom fram að búið væri að kaupa efni til að útbúa bráðabirgða olíuþrær þar til að varanlegum frágangi við lóð með tilheyrandi olíuskiljum yrði lokið.

Í eftirlitinu kom fram nýtt frávik þar sem að rykhreinsivirki virkuðu ekki sem skyldi þegar eftirlitið fór fram og ekki hafði verið tilkynnt um það til UST. Áberandi grár reykur upp um skorstein rykhreinsivirks frá vinnslusal vakti athygli eftirlitsaðila auk þess sem að töluverð rykmengun var í vinnslusal verksmiðjunnar. Í samtali við rekstraraðila kom í ljós að loftpressur sem stjórna skotum á pokasiur svo ryk falli af þeim voru bilaðar þannig að síupokarnir voru mettaðir af ryki og tóku því ekki við meira afsogi frá vinnslusal og verið væri að vinna að úrbótum. Í samtali við rekstraraðila á mánudagsmorgun (17.feb) kom fram að búið var að skipta um loftpressur og rekstur rykhreinsivirkisins kominn í eðlilegt horf.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í skoðunarferð um lóð verksmiðjunnar og í vinnslusalinn og hráefnisgeymslurnar og rætt við verksmiðjustjóra um úrbætur frávíka úr síðasta eftirliti.

Frávik frá

Grein 4.5 og 2.5 í tillögu að starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Rykhreinsivirki virkuðu ekki sem skyldi þegar eftirlitið fór fram og ekki hafði verið tilkynnt um bilunina til UST.

Reykjavík, 13.03.2014

Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.